



MYND2TM05

Kennsluáætlun – vorönn 2017

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennarar áfangans:

Ágústa Ragnarsdóttir (ARA), agustaragnars@fsu.is

Áfangalýsing:

Í áfanganum verður farið í gegnum og skoðað eðli myndskreytinga (myndlýsinga) og þýðingu þeirra fyrir annars samfelldan texta. Rýnt verður í skopteikningar dagblaða og tímarita og þau miklu áhrif sem þess háttar miðlun getur haft. Farið verður í grunnatriði þess að ná fram ýkjum í andlistdráttum og líkamsbyggingu fólks til þess að draga fram persónueinkenni. Farið verður í uppbyggingu hinnar klassísku myndasögu, mikilvægi myndbyggingu hvers ramma sem og myndbyggingu hvernar síðu og að innihald komst til skila ekki síst í gegnum myndmálið. Einnig verða skoðaðar styttri strípur sbr. í dagblöðum. Lögð verður áhersla á að nemendur finni sinn stíl.

Verkefnin munu felast í því að myndskreyta smásögu á íslensku, teikna skopmynd af sjálfum sér, vinna skopteikningar sem endurspeglan samtímann (rauntíma) hvort heldur á Íslandi eða annars staðar í heiminum, vinna litlar strípur með “punchline” og loks lengri myndasögu út frá þjóðsögum og goðafræði.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- hlutverki og áhrifum myndskreytinga með samfelldum texta.
- hvernig stíll og myndbygging geta byggt upp tilfinningu fyrir textanum.
- mikilvægi þess að finna rétta vinkelinn úr textanum til myndskreytingar.
- mikilvægi myndskreyta í upplýsingaheimi nútímans.
- ábyrgð myndskreyta á hverjum tíma
- hvað þarf að vera í myndasögu til þess að hún komist til skila án margara orða og jafnvel orðalaust.
- mikilvægi flæðis í myndasögunni.
- mikilvægi góðrar uppsetningar á myndasögu þar sem hver rammi skiptir máli í heildarmyndbyggingu síðunnar.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- að greina meginatriði textans sem skal myndskreyta.
- vekja áhuga á textanum með mynd.
- draga fram sérkenni raunverulegra persóna.
- að sjá þjóðfélagsmál á myndrænan máta.
- að gera einfalda og samfélagsmiðaða skopteikningu.
- að setja upp einfalda teiknimyndasögu með eða án texta.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- myndskreyta á lýsandi máta einfaldan texta með eigin stíl.
- gera skopteikningu út frá málefnum líðandi stundar.
- setja upp einfalda teiknimyndasögu í eigin stíl með góðu flæði og góðri myndbyggingu.

Kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glærur, bækur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín og halda þar vel utan um verk sín.
- Um er að ræða próflausan símats og leiðsagnarmats áfanga. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

Vægi námsþátta í vetrareinkunn og tímaáætlun

- Mappa, myndskreyting I - 5% (u.þ.b. 3 kst)
- Myndskreyting II - 10% (u.þ.b. 6 kst)
- Myndskreyting III - 20% (u.þ.b. 12 kst)
- Sjálfskopmynd - 5% (u.þ.b. 3 kst)
- Samfélagslegar skopmyndir - 10% (u.þ.b. 6 kst)
- Strípur - 15% (u.þ.b. 9 kst)
- Stóra myndasagan - 35% (u.þ.b. 23 kst)

Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 6500 kr og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst.

Annað

- Tölvur og símar leyfðir í tímum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.
- Kennsluáætlun gerð með fyrirvara um breytingar.